

Sveitarfélagið Hornafjörður
Bryndís Bjarnarson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 27. apríl 2021
UST202104-228/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Stekkaklettur – Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 19. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Stekkaklett.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir gestahúsum og vinnustofum á fimm byggingarreitum á 11.550 m² lóð. Auk þess kemur fram að fyrir er 156 m² einbýlishús.

Auk þess kemur fram að markmið verkefnisins er m.a. að búa til nærumhverfi sem frjóvgar huga og tjáskipti þeirra sem dvelja og skapa á svæðinu og gera ábúendum kleift að stuðla að því að takmarka kolefnisspor sitt með gróðursetningu trjáa og ræktun á eigin matvælum.

Náttúruminjar og fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til, er á náttúruminjasrá og nefnist Skarðsfjörður þar sem eru lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Auk þess er svæðið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði (<https://www.ni.is/node/16132>).

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um náttúruverndarsvæðin í tillögunni og fram komi áhrif tillögunnar og starfseminnar verða á verndargildi náttúruminja og fuglalíf.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Hægt er að sjá útbreiðslu votlendisins á vefsjánni <https://serstokvernd.ni.is/>.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir

öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Umhverfisstofnun vill benda á að Skarðsfjörður og Hornafjörður eru svæði á tillögu NÍ að framkvæmdaáætlun (B-hluta) <https://www.ni.is/greinar/au-skardsfjordur>.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur